

# ATHUGASEMDIR SÓLAR Á SUÐURLANDI VIÐ RAMMAÁÆTLUN

Skaftholti 2/5/2010

Til Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúruauðlinda.  
c/o Orkugarður  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

## Áætlun um nýtingu en ekki vernd

Fólk við Þjórsá, í grasrótahreyfingunni Sól á Suðurlandi, batt miklar vonir við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda. Boðað var sáttaplagg þar sem kostir bæði verndar og nýtingar yrðu metnir vísindalega og flokkun verðmæta unnin á þeim grunni.

Nú er hinsvegar komið í ljós að verðmætin sem tekin voru til flokkunar náðu síst til þeirra álitamála sem deilur hafa jafnan staðið um vegna virkjana. Deilur vegna framkvæmda hafa ekki verið harðastar um einstök mælanleg náttúrugildi, einstakar fornminjar, einstaka vinnustaði, einstakar breytingar á beitilandi, vegarstæðum eða frágangi orkufyrirtækja til að lagfæra eftir sig tjón í náttúrinni. Deilurnar hafa verið um vernd landslags og samfélags. Sátt um slíka vernd var hvergi í boði. Það er hún ekki heldur í Rammaáætlun. Hér með er því lagt til að nafni áætlunar verði breytt til samræmis við innihald. Og að heitið verði *Rammaáætlun um nýtingu allrar orku á Íslandi*.

Deilurnar hafa fyrst og fremst snúist um samfélagslega þáttinn, þar sem réttaröryggi, búsetu, landslagi, tilfinningum og tækifærum fólks til að lifa í sátt í eigin umhverfi hefur verið ógnað. Lög hafa verið brotin á fólki sem ekki sættist við virkjanaf framkvæmdir. Fólk hefur ekki fengið tækifæri til að kynna sér áform um virkjanir fyrir en eftir að þær eru ákveðnar og framkvæmdir jafnvel hafnar.

Stjórnsýslan hefur fengið falleinkunn víða í stofnunum þjóðfélagsins og fyrirgreiðslupólítík, uppkaup skipulags og óbeinar mútur hafa ráðið úrslitum. Ákvörðun þannig fengin hefur svo verið kölluð lýðræðislegur meirihlutavilji. Sveitarstjórnir og landeigendur hafa aldrei átt annan kost en að selja umhverfi sitt og náttúru. Spurningin er aðeins á hvaða verði. Aðrir í samfélaginu áttu að sæta niðurstöðunni og eru þekkt dæmi um að þeir sem ekki vildu hlíta því hafi orðið fyrir fjárhagstjóni, mannorðsskaða, atvinnumissi og einelti.

## Röðun frestað þar til sátt verði um forsendur

Sól á Suðurlandi telur erfitt að taka fyrir niðurstöður hinna ólíku faghópa og gagnrýna þær faglega. Samtökin efast ekki um að mikil vinna hafi verið lögð í einkunnagjöf og mat á þeim kostum sem fyrir hópunum lágu. Sólin gerir ekki heldur athugasemdir við aðferðafræðina í faghópi 1. 2. eða 4. Aðferðafræði faghóps þrjú er hinsvegar óskiljanleg, sem og niðurstöðurnar sjálfar og lýsir Sól á Suðurlandi eftir skýringum á því hvert sé markmiðið með starfi faghóps þrjú. Samtökin telja með öllu óviðunandi að niðurstöður faghóps þrjú verði hafðar með þegar hugsanlegum virkjunum er raðað í mikilvægisröð. Ástæðan fyrir því er einföld og henni er lýst af faghópnum sjálfum, sem tekur fram að hann leggi ekki mat á hvort niðurstöður sínar séu jákvæðar eða neikvæðar, aðeins hve miklar þær eru. Sé svo er ekki

heldur hægt að taka niðurstöðurnar inn í lista yfir hvar virkja skuli, því sjálf uppröðunin felur í sér jákvætt/neikvætt mat. Vinna faghóps þrjú getur ekki verið tæk að þessu leyti.

Hvað hina faghópana varðar telur Sólin einkennilegt að þurft hafi að eyða tíma og fjármagni í að meta friðuð svæði. Það er skoðun samtakanna að ef svæði séu friðuð eigi ekki að hafa þau með í uppröðun mögulegra virkjana. Það sjónarmið talsmanna orkuvinnslunnar að friðun sé ekki eilíf, er þekkt og því miður er ekki annað að sjá en að grunnhugsun Rammaáætlunar sé hin sama. Að ekkert sem hægt er að virkja megi undanskilja í þessari áætlun. Þetta er sérstaklega skrytið í ljósi þess að rammaáætlun verður tekin upp og endurskoðuð á nokkurra ára fresti. Því leggur Sól á Suðurlandi til að sú mikla vinna sem unnin hefur verið komist í samhengi sem sátt geti ríkt um og röðun verði frestað þar til samfélagsáhrif hafa verið metin líka.

Sá hugsunarháttur að hafa alla virkjanamöguleika alltaf uppi á borðinu og standa stöðugt frammi fyrir því að fórna náttúru á einum stað, til að náttúran á öðrum stað fái gálgafrést í nokkur ár hefur reynst samfélaginu við Þjórsá dýrkeypt. Barátta til að vernda fyrst Þjórsárver og nú byggðina hefur staðið samfellt í nærri hálfu öld. Ekki hefur verið sátt um þetta þar sem virkjanaöflin hafa deilt og drottnað með fjármagnið að vopni. Sveitarfélögin austan ár, sem fá fasteignagjöld af stöðvarhúsum í sinn hlut, samþykktu virkjanir langt á undan sveitarfélögum vestan ár, sem lögðust í kaupskap við Landsvirkjun um ótrúlegustu hluti. Skortur á gagnsæi og óvirðing við mannréttindi almennings er versta deiluefnið og mat á því hvort grös og lífverur eru merkilegri á einum stað en öðrum setja ekki niður þær deilur.

### **Það sem þarf að sætta**

Viðleitni heimamanna til að kynna vilja sinn til að vernda það sem eftir er af Þjórsá hefur kostað tíma, tækifæri, vináttu, atvinnu, peninga og yfirleitt allt það sem fólki er dýrmætast í daglegu lífi. Engin vernd er þó í sjónmáli, hvorki í byggð né inni við jökla. Sjónarmið um Norðlingaölduveitu er enn inni í Rammaáætlun og virkjanir í byggð þykja afbragðskostir. Það mat er óskiljanlegt í ljósi þeirrar byggðapróunar sem orðið hefur þar sem virkjanir ógna samfélagi. Samfelld fólksfækkun hefur verið í þeim hreppum öllum, meðan nágrannasveitarfélög dafna betur og þar fjölgar jafnvel fólki. Gott dæmi um þetta er munurinn milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þar sem fjölgar í þeim fyrri en fækkar stöðugt í þeim síðari, þar sem Landsvirkjun stefnir nú á uppbyggingu í annað sinn á hálfri öld.

Samfélagið við Þjórsá riðar nú víða til falls, bændur bregða búi, ferðaþjónustan á í kröggum vegna áralangrar óvissu um hvort/hvenær framkvæmdir verða, og sveitarfélögin reiða sig á aura Landsvirkjunar. Verktakar líta til skammtímasjónarmiða og styðja allar framkvæmdir sem þeir geta fengið vinnu við strax. Veiðifélög geta aðeins gert stutta samninga, fiskeldi er út úr myndinni, eins og uppbygging bátþjónustu í „river rafting“, í mynni Þjórsárdals sem verður ónýtt af raski á framkvæmdatíma ef ekki lengur, Urriðafoss þornar upp og íbúar fá ekki lengur villtan lax hjá laxabændum í Flóa. Viðurkennt er í rammaáætlun að áhrif á grunnvatnsstöðu í Flóa og á Skeiðum séu óvissuþáttur, en þetta mikla áhyggjuefni heimamanna er þá einfaldlega tekið út og ekki metið. Rannsóknir á sandfoki virðast ekki heldur hafa verið teknar inn í náttúrurannsóknir, en fjúk sands úr þurrum farvegi árinna og úr haugstæðum við lónin, er annað stórt áhyggjuefni heimamanna. Áhrif loftkælingar af jökullónunum virðast heldur ekki hafa verið metin, en því er haldið fram að hún geti verið talsverð og þá væntanlega haft áhrif á fólk, skepnur og gróðurfar. Samfélagsþættirnir og mannréttindin eru stóru málin sem verður að nást sátt um.

## Rannsóknarnefnd um virkjanastjórnsýslu

Sól á Suðurlandi leggur til að áður en nokkur tilraun verði gerð til að meta röð virkjanakosta sem eftir eru á Íslandi, fari fram nákvæm úttekt á stjórnsýslu og vinnuáferðum orkugeirans fram til þessa dags. Augljóst er að vinnulag hruntímans hefur verið áberandi í þeim geira, ekki síður en í bönkum og stjórnámálum, enda má segja að bæði sviðin spili stærstu hlutverkin í undirbúningi stórframkvæmda eins og virkjanir eru. Fyrir löngu var orðið almenningi ljóst að ekki var allt með felldu í samningum orkufyrirtækjanna um framkvæmdir og þar var grunur um spillingu. Nokkuð af henni var afhjúpað meðal annars af samtökunum Sól á Suðurlandi, áður en fólk hafði almennt gert sér grein fyrir því hve umfangsmikil spilling ríkti í þjóðfélaginu. Skulu þar nefnd ósannindi um hver færi með vatnsréttindi ríkisins, þar sem ráðherrar laumuðu Títansamningi að orkufyrirtækinu í leyndarskjóli rétt fyrir kosningar, en kannaðist ekki við það á eftir. Þá má nefna ofríki Landsvirkjunar í Flóahreppi sem sneri við samþykktu skipulagi, með því að lofa greiðslum fyrir allt aðra hluti en skipulagsvinnuna sjálfa. Umhverfisnefnd í sveitarfélagi fékk nýtt skipunarbréf þar sem tekinn var frá henni réttur til að skipta sér af umhverfisþætti virkjunar. Bent var á stöðuveitingar og vanhæfi, þar sem sama fólk sat og situr hringinn í kringum borðið í samningum við sig sjálf. Samskipti Landsvirkjunar við veiðifélag Þjórsár voru dæmi um slíkt spillingarnet, en eftir að upp komst var þeirri stjórn steyp. Og loks má nefna leyndar greiðslur Landsvirkjunar gegnum skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps til hreppsnefndarmanna fyrir óbokaða fundi.

Hér er einungis fátt til tínt af þeim atriðum sem Sól á Suðurlandi hefur reynt að halda til haga í gegnum baráttuna við ofríki virkjanaaðilans við Þjórsá. En Sól á Suðurlandi er ekki óháður rannsóknaraðili. Auk þess búa samtökin hvorki yfir tíma né fjármagni til að fara í nákvæma rannsókn á því sem aflaga fór (og fer) í þessu stærsta hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar og íslenskra náttúru. Þótt nýtt Draumaland af bökkum Þjórsár kæmi fyrir augu almennings, myndu framkvæmdaðilar áfram halda fram sínum sannleika, eins og bankarnir gerðu þar til þeir fóru í þrot. Það er alls ekki hægt að setta sig við að rammaáætlun um nýtingu Íslands til framtíðar verði byggt á því ónýta hugarfari sem ríkt hefur á Íslandi síðustu tvo áratugi. Sannleiksnefnd um orkuframkvæmdir og sölu síðustu árin gæti verið skref til framtíðar, en það getur nýtingaráætlun orkugeirans ekki orðið.

Virðingarfyllst

Guðfinnur Jakobsson

-----  
Fyrir hönd Sólar á Suðurlandi.